

Alþingi
Erindi nr. P 140/2259
komudagur 8. 5. 2012

Athugasemdir við Rammaáætlun eða áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Sigurjón Leifsson [sigleifsson@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 10:45

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

"Ég, Sigurjón Leifsson, kt. 110856-2969, geri 2 athugasemdir við þessa áætlun.

1. Neðri hluti Þjórsár í biðflokk. Þessi hluti árinna er á svæði sem þegar er búið að umbylta og breyta. Náttúruminjar eru fáar og á engan hátt einstakar. Með því að færa neðri hluta Þjórsár í nýtingaflokk, fæst hagkvæmur virkjunarkostur þar sem þegar er búið að koma upp rennslisstýringu í ána, ekki þarf að koma upp stórum uppistöðulónum, og rask er ásættanlegt. Línulagnir þarf ekki að fara með yfir óbyggðir né við náttúruperlur (sbr. háspennulínur ofan við Gullfoss, sem margir erlendir ferðamenn furða sig yfir). Með því að setja neðri hluta Þjórsár í nýtingaflokk, verður áætlunin trúverðugri og meiri líkur á að um hana náist sátt, fram yfir næstu kosningar.
2. Ég geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar. Að auki er Reykjanesið

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

Netfangið er nefndasvid@althingi.is

--

Kveðja/Regards;
Sigurjon Leifsson